

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 237/2024

2025/EES/9/09

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/858 frá 14. mars 2024 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 að því er varðar notkun á nanóefnunum stýren-/akrýlatsamfjölliðu, natríumstýren-/akrýlatsamfjölliðu, kopar, kopar sem myndar sviflausn, hýdroxýapatíti, gulli, gulli sem myndar sviflausn, gullþíóetýlaminóhýalúrónsýru, asetýlheptapeptíð-9-gulli sem myndar sviflausn, platínu, platínu sem myndar sviflausn, asetýltetrapeptíð-17-platínu sem myndar sviflausn og silfri sem myndar sviflausn í snyrtivörur, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0858:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/858 frá 14. mars 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/858, 15.3.2024), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024.“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2024/858, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L, 2024/90467, 31.7.2024, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/858, 15.3.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/858/oj>

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.